

Sp. 131. Tillaga til þingsályktunar [110. mál]

um nefndarskipan um áfengismál.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Jón Árm. Héðinsson,
Sverrir Bergmann, Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að kjósa nú þegar nefnd manna, er hafi það verkefni að gera úttekt á stöðu áfengismálanna í dag, sérstaklega með tilliti til hrikalegra afleiðinga af ofneyslu áfengis, sem hvarvetna blasa við.

Nefndin skal leitast við að gera tillögur til úrbóta, hún skal hraða störfum sem mest og ljúka bráðabirgðaáliti og tillögugerð fyrir 15. febr. n. k.

Nefndin skal skipuð 5 mönnum eftir tilnefningu hvers þingflokks.

Greinargerð.

Alþingi getur ekki látið sem ekkert sé, þegar hörmulegar afleiðingar áfengisneyslu landsmanna birtast okkur daglega, oflega á þann hátt, að beint manntjón hlýst af.

Annað tveggja verður til að koma: Ný lagasetning um gerbreytta skipan þessara mála, þ. m. t. réttarfarsþátt þeirra, eða þá að sérstök nefnd hæfra manna vinni skjótlega að málinu og geri tillögur um einhver úrræði, sem að gagni mættu koma.

Baráttan gegn þessum hrikalega vanda er ekki auðveld, en atburðir liðinna vikna kalla á skjót viðbrögð, sem vera mætti að dygðu eitthvað. Um varanleg áhrif skal ekkert fullyrt, en ítrustu tilraunir ber að gera, ef vandamálið á ekki að vaxa okkur enn frekar yfir höfuð.

Alþingi er skylt að hafast eitthvað að í þessum efnunum og því er tillagan flutt.